

*Alþingi**Erindi nr. Þ 112 / 693**komudagur 21 / 03 1990*

REYKJAVÍK,

19. mars 1990

Landbúnaðarnefnd n.d. Alþingis

Alþingi  
150 Reykjavík

Eftirfarandi ályktun Búnaðarþings 1990 um **Frumvarp til laga um innflutning dýra** sendist yður hér með að ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

"Búnaðarþing leggur til að frumvarpið verði lögfest eins og það liggur nú fyrir.

**Greinargerð**

Efnislega er frumvarpið lítið breytt frá frumvarpsdrögum, sem lögð voru fyrir Búnaðarþing 1989.

Efni 5. gr. er nýtt, en þar kveður á um að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs, ef flytja á inn dýrategundir sem ekki eru fyrir í landinu.

Efni er varða kynbætur og umsagnaraðila þar um, hefur verið samræmt nýjum búfjárræktar lögum."

Þess er vænst að þér veitið máli þessu brautargengi.

Virðingarfyllst

  
Jónas Jónsson

JJ/ák

**Ályktunin send:**Landbúnaðarráðherra  
Landbúnaðarnefnd n.d. Alþingis  
Landbúnaðarnefnd e.d. Alþingis  
Yfirdýralækni